



Landssamband íslenskra frímerkjasafnara
pósthólf 8753 – 128 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2017

Garðabær
b/t Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Norræn frímerkjasýning í Garðabæ vorið 2018

Í framhaldi af velheppnaðri Norrænni frímerkjasýningu í Garðabæ 2013, leitum við nú til ykkar eftir afnotum af Íþróttamiðstöinni Ásgarði undir Norræna frímerkjasýningu á vordögum 2018.

Heppilegasta dagsetning fyrir sýninguna er frá þriðjudeginum 22. maí til sunnudagsins 27. maí 2018.

Sjálf sýningin er einungis opin frá föstudegi til sunnudags. Þar sem nokkurn tíma tekur að setja upp sýninguna auk þess sem dómamar þurfa að hefja störf þegar á fimmtudegi num teljum við æskilegt að geta hafið uppsetningu sýningarinnar á þriðjudeginum 22.maí

Landssamband íslenskra frímerkjasafnara óskar eftir fundi með þér fljótlega þar sem nánar yrði rætt um leiguskilmála, og önnur atriði. Mikilvægt er að fundur okkar verði fljótlega, því í lok janúar verður formannafundur norrænna landssambanda frímerkjasafnara í Danmörku. Þar þarf að kynna hvar og hvenær sýningin verður haldin.

Með vinsemd og virðingu,

Fyrir hönd Landssambands íslenskra frímerkjasafnara

Gísli Geir Hardarson
formaður